



1. júní 2021  
Tilv.: 2105211

Dreifibréf númer: 25/2021  
Til útgefenda verðbréfa

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um upplýsingagjöf í lýsingu

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um upplýsingagjöf í lýsingu (ESMA31-62-1426). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að samræmdu eftirliti að því er varðar mat yfirvalda á því hvort upplýsingar í lýsingu séu fullnægjandi, samkvæmar og skiljanlegar. Einnig er þeim ætlað að auðvelda markaðsaðilum að uppfylla kröfur um upplýsingagjöf sem fram koma í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 og stuðla að samræmdri túlkun á viðaukunum við hana. Viðmiðunarreglurnar tóku gildi innan Evrópusambandsins 4. maí 2021 og ná til markaðsaðila, þ.m.t. þeirra sem ábyrgð bera á upplýsingum sem veittar eru í lýsingu, sbr. 4. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Í viðmiðunarreglunum mælir ESMA með því að útgefendur fái ráðgjöf frá reikningsskilasérfræðingi við mat á því hvort fjárhagsupplýsingar í lýsingu fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í viðmiðunarreglunum sem og uppfylli skilyrði 1. mgr. 6. gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði verðbréfa eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (hér eftir lýsingarreglugerðin), sbr. lög nr. 14/2020. Tilgangurinn er að tryggja að lýsingin innihaldi nauðsynlegar upplýsingar sem máli skipta fyrir fjárfesti svo honum sé kleift að meta með upplýstum hætti eignir og skuldir, hagnað og tap, fjárhagsstöðu og horfur útgefanda og ábyrgðaraðila.

Í viðmiðunarreglunum er fjallað nánar um eftirfarandi atriði, sbr. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/980:

- Kafli V.2. Yfirlit um rekstur og fjárhag (reglur kaflans eiga við viðauka 1 og 24).
- Kafli V.3. Fjármagn (reglur kaflans eiga við viðauka 1).
- Kafli V.4. Afkomuspá eða afkomuáætlun (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 3, 6-8 og 24-25).
- Kafli V.5. Sögulegar fjárhagsupplýsingar (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 6, 9 og 24-25).
- Kafli V.6. Pro forma fjárhagsupplýsingar (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 3, 20 og 24).

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

- Kafli V.7. Árshlutfjárhagsupplýsingar (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 6, 24 og 25).
- Kafli V.8. Yfirlýsing um veltufé (reglur kaflans eiga við viðauka 11-13 og 26).
- Kafli V.9. Fjármögnun og skuldsetning (reglur kaflans eiga við viðauka 11-13 og 26).
- Kafli V.10. Laun (reglur kaflans eiga við viðauka 1 og 24).
- Kafli V.11. Viðskipti tengdra aðila (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 3 og 24).
- Kafli V.12. Kaupréttir og áform um að auka hlutfé (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 3 og 24).
- Kafli V.13. Valréttarsamningar (reglur kaflans eiga við viðauka 1 og 24).
- Kafli V.14. Yfirlit um þróun hlutfjár (reglur kaflans eiga við viðauka 1).
- Kafli V.15. Lýsing á réttindum sem fylgja hverjum hlut (reglur kaflans eiga við viðauka 1).
- Kafli V.16. Yfirlýsing sérfræðinga (reglur kaflans eiga við viðauka 1, 3, 6-12, 14-16 og 24-27).
- Kafli V.17. Upplýsingar um eignarhlut (reglur kaflans eiga við viðauka 1).
- Kafli V.18. Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu (reglur kaflans eiga við í viðaukum 11-16 og 26-27).
- Kafli V.19. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu (reglur kaflans eiga við viðauka 4).

Reglugerð (ESB) 2019/980 var innleidd með reglugerð nr. 274/2020 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 19. gr. laga nr. 14/2020.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sbr. lög nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og þátttakendur á fjármálamarkaði að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum og almennum tilmælum eftirlitsstofnananna. Tilgangur þeirra er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun styðjast við framangreindar viðmiðunarreglur ESMA við eftirlitsframkvæmd og beinir því til markaðsaðila og þá sérstaklega þeirra sem ábyrgð bera á upplýsingum sem veittar eru í lýsingu að kynna sér þær og taka mið af þeim í upplýsingagjöf sinni eftir því sem við á.

Dreifibréfið verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt hlekk á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna sem er jafnframt aðgengileg hér:

[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma32-382-1138\\_guidelines\\_on\\_disclosure\\_requirements\\_under\\_the\\_prospectus\\_regulation.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma32-382-1138_guidelines_on_disclosure_requirements_under_the_prospectus_regulation.pdf)

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit

*Páll Friðriksson*

Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

*Elsa Karen J.*

Elsa Karen Jónasdóttir  
lögfræðingur  
markaðir og viðskiptahættir